LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI ART MUSEUM



2024

LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI ART MUSEUM



2024

LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI ART MUSEUM




# 2024

LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI ART MUSEUM



2024


23



# INNGANGUR
# FOREWORD

Það er með mikilli gleði sem við hefjum nýtt starfsár hjá Listasafninu á Akureyri. Síðasta ár, 30 ára afmælisárið, var stórkostlegt og ánægjulegt hversu margir gestir komu í safnið til að sjá sýningar, fara á viðburði og fagna afmælinu með bæjarbúum. Sýningin á verki Ragnars Kjartanssonar, *Gestirnir / The Visitors*, sló rækilega í gegn og margir komu aftur og aftur til að njóta þess.

Árið 2024 verður fjölbreytt og spennandi í Listasafninu á Akureyri. Margar ólíkar sýningar verða opnaðar, öflugt fræðslustarf heldur áfram með Þriðjudagsfyrirlestrum, fjölskylduleiðsögn, almennri leiðsögn og smiðjum. Auk þess verður boðið upp á tónleika, dans, kvikmyndir og fleiri skemmtilega og fróðlega viðburði.

Við hefjum árið með opnun þriggja einkasýninga og í kjölfarið fylgja yfirlitssýningar, samsýningar, nemendasýningar, ásamt fleiri einkasýningum ungra og eldri listamanna, íslenskar og alþjóðlegar. Þannig verða 22 nýjar sýningar opnaðar á árinu og bætast við þær sem nú þegar eru í sölum safnsins. Það ættu því allir að finna eitthvað við sitt hæfi og fá tækifæri til að uppgötva nýja og óvænta hluti.

Við fögnum tíundu sýningunni með heitinu *Sköpun bernskunnar* og af því tilefni verður gefin út vegleg bók um verkefnið, þar sem börn og ungmenni taka þátt ásamt þekktum listamönnum. Verkefnið hlaut á sínum tíma Öndvegisstyrk Safnasjóðs.

*A! Gjörningahátíð* fagnar einnig tíunda ári sínu í Listasafninu og Boreal dansvídeóhátíðin hefur nú öðlast fastan sess í dagskrá Listasafnsins. Á næstu síðum er hægt að sjá yfirlit yfir allar sýningar ársins auk þeirra sýninga sem eru nú þegar í safninu.

Um mitt sumar tekur nýr safnstjóri til starfa og ég þakka fyrir 10 dásamleg ár í Listasafninu á Akureyri.

Listasafnið á Akureyri er mikilvægur hluti af Akureyri sem menningar- og skólabæ, bæ með sögu sem er opinn fyrir nýjungum og laðar til sín forvitna og áhugasama gesti. Listagilið með skapandi grasrót, listamannareknum rýmum, gestavinnustofum og Listasafni með safnbúð og dásamlegu kaffihúsi, er staður sem vert er að heimsækja.

Verið öll velkomin.

Hlynur Hallsson, safnsstjóri.

It is with great joy that we start a new year at the Akureyri Art Museum. The 30th anniversary last year was splendid, and we were very pleased with the large number of guests that came to see the exhibitions, attend the events and to celebrate with the residents of Akureyri. Ragnar Kjartansson‘s exhibition, *The Visitors*, was a big success – guests came repeatedly to enjoy it.

The year 2024 at Akureyri art Museum will be both diverse and exciting. Several different exhibitions will be opened, museum education will keep on strong with Tuesday-lectures, as well as guided tours and workshops for diverse groups. Concerts, dance, and films will also be part of the program.

We will start the year with the opening of three solo exhibitions, followed by retrospective exhibitions, group exhibitions, student's exhibitions as well as more solo exhibitions from up-and-coming artists, established artists, Icelandic and international. The Museum will add 22 new exhibitions to the ones that are already up. Everyone should therefore find something to their liking and have an opportunity to discover new and surprising things.

The exibition *Creation of Childhood* is held for the 10th time and to mark this anniversary a book will be published about this project, where children and youngsters participate with well-known artists. The project was in 2020 allotted a-three-year honors grant from The Icelandic Museum Fund.

*A! Performance Festival* also celebrates its 10th anniversary and Boreal Screendance Festival will from now on be a part of the program at Akureyri Art Museum. On the following pages all the upcoming exhibitions are listed as well as those that are already on display.

In the summer a new director will start working at the Museum. Thank you for 10 wonderful years at The Akureyri Art Museum.

Akureyri Art Museum is an important part of Akureyri as a town of culture and education, that is open to innovations and attracts interested guests. Art Street with its creative grass roots, artist run exhibition spaces, artist residences and an Art Museum with a store and a café is, a place worth visiting.

We welcome you all.

Hlynur Hallsson, director of Akureyri Art Museum.

# SÝNINGAR
EXHIBITIONS

**Salir** Galleries

27.01.2024 – 26.05.2024 — 01
**Sigurður Atli Sigurðsson**
**SENA** SCENE

27.01.2024 – 26.05.2024 — 02 03
**Alexander Steig**
**STEINVÖLUR EYJAFJARÐAR** EYJAFJÖRÐUR PEBBLES

27.01.2024 – 26.05.2024 — 04 05
**Guðný Kristmannsdóttir**
**KVEIKJA** PLAY ME

24.02.2024 – 18.08.2024 — 07
**Samsýning** Group exhibition
**SAMSPIL** INTERPLAY

24.02.2024 – 21.04.2024 — 10 11
**Samsýning** Group exhibition
**SKÖPUN BERNSKUNNAR 2024** CREATION OF CHILDHOOD 2024

23.03.2024 – 18.08.2024 — 09
**Salóme Hollanders**
**ENGILL OG FLUGA** AN ANGEL AND A FLY

23.03.2024 – 18.08.2024 — 12
**Heiðdís Hólm**
**VONA AÐ ÉG KVEIKI EKKI Í** HOPE I DON'T BURN IT ALL DOWN

04.05.2024 – 12.05.2024 — 10
**Myndlistaskólinn á Akureyri** Akureyri School of Visual Arts
**SJÓNMENNT 2024** VISUAL ART STUDIES 2024

04.05.2024 – 12.05.2024 — 10 11
**VMA** The Akureyri Comprehensive College
**ÚTSKRIFTARSÝNING** FINAL PROJECTS

06.06.2024 – 15.09.2024 — 01 02 03 04 05
**Samsýning** Group exhibition
**ER ÞETTA NORÐUR?** IS THIS NORTH?

06.06.2024 – 29.09.2024 — 10 11
**Sýningarverkefni** Exhibition project
**STRANDED – W(H)/ALE A REMAKE PORTFOLIO – MORE THAN THIS, EVEN**

31.08.2024 – 10.08.2025 — 06
**Oliver van den Berg**
**AF SVÖLUNUM** FROM THE BALCONY

31.08.2024 – 02.02.2025 — 07
**Samsýning** Group exhibition
**Valin verk fyrir sköpun og fræðslu** Selected works for creation and education
**GRAFÍSK GILDI** OF GRAPHIC VALUES

31.08.2024 – 09.03.2025 — 09
**Jónas Viðar**
**JÓNAS VIÐAR Í SAFNEIGN** JÓNAS VIÐAR IN THE COLLECTION

31.08.2024 – 09.03.2025 — 12
**Fríða Karlsdóttir**
**MJÚKT** SOFT

28.09.2024 – 12.01.2025 — 01
**Detel Aurand / Claudia Hausfeld**
**MILLILOFT** THE AIR IN BETWEEN

28.09.2024 – 12.01.2025 — 02 03 05
**Georg Óskar**
**603 AKUREYRI**

28.09.2024 – 12.01.2025 — 04
**Einar Falur Ingólfsson**
**ÚTLIT LOPTSINS – VEÐURDAGBÓK** LOOK OF THE SKY – A WEATHER DIARY

10.10.2024 – 13.10.2024 — 10 11
**A! GJÖRNINGAHÁTÍÐ** A! PERFORMANCE FESTIVAL

01.11.2024-10.11.2024
**BOREAL SCREENDANCE FESTIVAL 2024**

16.11.2024 – 24.11.2024 — 10 11
**VMA** The Akureyri Comprehensive College
**ÚTSKRIFTARSÝNING** FINAL PROJECTS

30.11.2024 – 16.11.2025 — 08 10 12
**Samsýning** Group exhibition
**ÁN TITILS** UNTITLED

## SAFNBÚÐ LISTASAFNSINS

Gjafavörur
Bækur
Myndir
Munir
Kort
Plaköt
Bolir

---

## VINIR LISTASAFNSINS

**Vinafélag Listasafnsins á Akureyri** er félag áhugafólks um myndlist og er tilgangur þess að efla starfsemi safnsins

Skráningu og allar upplýsingar má finna á

**listak.is**




# YFIRSTANDANDI SÝNINGAR
## ONGOING EXHIBITIONS

**Salir** Galleries

– 14.01.24 — 01
**Hilda de Paulo / Tales Frey**
**Leiðnivír** Conducting Wire

– 14.01.24 — 02 03 04 05
**Samsýning** Group exhibition
**Hringfarar** Circuits

– 11.02.2024 — 07
**Kata saumakona**
**Einfaldlega einfalt** Simply Sincere

– 11.02.2024 — 10 11
**Sigurður Guðjónsson**
**Hulið landslag** Enigma

– 10.03.2024 — 09
**Dröfn Friðfinnsdóttir**
**Töfrasproti tréristunnar** Wonders of the Woodcut

– 10.03.2024 — 12
**Melanie Ubaldo**
**Afar ósmekklegt** Completely Tasteless

– 18.08.2024 — 06
**Brynhildur Kristinsdóttir**
**Að vera vera** To Be a Being

– 24.11.2024 — 06
**Samsýning** Group exhibition
**Safn: Hildigunnur Birgisdóttir og verk úr safneign**
Collection: Hildigunnur Birgisdóttir and Works from the Collection



*Sena,* 2023



# SIGURÐUR ATLI SIGURÐSSON



## Sena
Scene

**27.01.2024 – 26.05.2024**

Orðið *scenography* þýðir bókstaflega að skrifa í rými og var upphaflega notað til að lýsa því þegar tvívíð teikning er yfirfærð í þrívíddarteikningu; senan er teiknuð upp. Verkin á sýningunni sýna viðmiðunarpunkta hugrænnar kortlagningar og hvernig manneskjan gerir tilraun til að skipuleggja umhverfi sitt, bæði út frá hugmyndafræði og líkamlegum þörfum.

Sigurður Atli Sigurðsson (f. 1988) býr og starfar í Reykjavík. Verk hans takast á við byggingarefni samfélagsins, með því að skoða þau kerfi sem við búum okkur til og lifum eftir. Í verkum sínum vinnur Sigurður Atli með ýmiss konar prentefni, útgáfu og bókverk, auk þess að notast við grafíktækni til að vinna stórar myndaraðir. Sérþekking hans á þessu sviði hefur leitt hann til að halda sýningar, kenna og stýra sýningum víða um heim, nú nýlega á samtímalistasafninu í Tókýó og Listasafni Íslands.

The word *scenography* literally means to write in a space and was originally used to describe the process of converting a two-dimensional drawing into a three-dimensional one; the scene is drawn up. The exhibited works show datum of abstract mapping and how humans attempt to organize their environment based on both ideology and physical needs.

Sigurður Atli Sigurðsson (born 1988) lives and works in Reykjavík. His works address society's building blocks, by examining the systems we create and live by. He uses different printing materials, publications, and book art as well as printing technology to make large picture-series. His expertise in this field has led him to exhibit, teach and curate in many different places, far and wide, most recently in The Museum of Contemporary Art Tokyo and The National Gallery of Iceland.





# ALEXANDER STEIG



## Steinvölur Eyjafjarðar

Eyjafjörður Pebbles

**27.01.2024 – 26.05.2024**

Í reglulegum gönguferðum sínum meðfram ánni Isar í München í Þýskalandi leitar listamaðurinn Alexander Steig (f. 1968) að steinvölum. Þar sem hann er menntaður listmálari og myndhöggvari er það frekar áhugi hans á skúlptúr en jarðfræði sem er hvatinn að þessari leit. Hann mun halda áfram að leita að steinvölum í fjörunni á Hjalteyri, en þangað hefur hann nú þegar komið tvisvar sinnum, 2008 og 2012.

Fyrir Listasafnið á Akureyri hefur hann upphugsað verkefnið *eyja-fjörður-vala*, sem er tileinkað steinvölum heimafjarðar Akureyrar, Eyjafirði. Sem myndrænum leikmunum breytir hann steinvölunum miðlægt og skoðar með því skammlífi þeirra með vísun í „pússningu“ þeirra, mismunandi stærð og möguleika á skyggingu. Með hagnýtingu tækninnar varpar listamaðurinn síðan þessari hreyfimynd af steini á vegginn og þá sést það sem virðist vera kyrrstæð hreyfimynd; steinvölurnar snúast í raun um möndul sinn á 24 tíma fresti. Steig sýnir óskynjanlega hreyfimynd, þar sem tvívídd „myndarinnar“ og þrívídd uppruna hennar teygja sig yfir í fjórðu víddina, tímann.

During regular walks along the river Isar in Munich, Germany, media-artist Alexander Steig (born 1968) searches for pebbles. Being a trained painter and sculptor, he does this more out of sculptural interest than a geological one. He will continue this rock inspection on the beach in Hjalteyri, Iceland, which he already visited in 2008 and 2012.

For Akureyri Art Museum he has conceived the *island-fjord-pebble* project, which is dedicated to the pebbles of Akureyri's home fjord Eyjafjörður. As an imaging prop, he transforms the stones medially, thereby examining their temporality, referring to their "polish", varying their volume and exploring the possibilities of their shading. The artist then projects this stone video-technically and realizes an apparently static moving image; in fact, the pebble rotates once around its axis in 24 hours. Steig shows an imperceptible moving image the two-dimensionality of the “picture” and the three-dimensional source are extended by the fourth dimension of time.

*Findling (Erratic Block) #4,* 2023



*Milli trjánna*, (hluti úr verki / detail) 2024

# GUÐNÝ KRISTMANNSDÓTTIR



## Kveikja

Play Me

**27.01.2024 – 26.05.2024**

Djarfar og kröftugar pensilstrokur bera ekki vitni um hvatvísi í risastórum málverkum akureyrsku listakonunnar Guðnýjar Kristmannsdóttur (f. 1965), heldur birtast villtar og goðsagnakenndar skepnur upp úr löngu og meðvituðu ferli, hvort sem það er páfugl með „strap-on“ eða skordýr í trylltum hlátri. Þykk upphleðsla lita, þunnar málningastrokur og hrár grunnur á yfirborði málverksins skapa kraftmiklar en yfirvegaðar hliðstæður sem blása lífi í skepnurnar. Skapandi og hrekkjótt; gleði þeirra er smitandi. *Play Me – Kveikja* er titill eins verksins. Athugið að þér er ekki endilega boðið til leiks, heldur er verið að lokka þig til þess að gefa sjálfum þér lausan tauminn og ganga inn í heim nautnalegrar gleði listamannsins.

Pari Stave.

For all their bold, gestural brushwork, the large-scale paintings of Akureyri-based artist Guðný Kristmannsdóttir (born 1965) are not executed in a spontaneous, expressionist manner. Rather, they emerge from a long and deliberate process of first conjuring a wild and mythical beast as the subject — whether it is an insect laughing hysterically or a peacock with a strap-on dildo — and slowly building the painting surface by creating dynamic juxtapositions of thick impasto, loaded with color, with thin washes of paint and even raw ground to bring the beasts to life. They appear as fecund and full of mischief; their joy is contagious. *Play Me* is the title of one of the works. Note that this is not necessarily meant as an invitation to play, as much as it seems an enticement to dispense with one's inhibition and enter the artist's realm of sensuous delight.

Pari Stave.



Úr varðveislurými Listasafnsins á Akureyri, 2023 / From Akureyri Art Museum storage room, 2023



# SAMSPIL
# INTERPLAY

## Samsýning
## Group exhibition

**24.02.2024 – 18.08.2024**

Sýningin *Samspil* er afrakstur þess að bjóða ungmennum af erlendum uppruna að sækja listvinnustofu í Listasafninu á Akureyri. Í vinnustofunni fá þau innblástur úr völdum verkum úr safneigninni og vinna eigin verk undir handleiðslu starfandi listamanna. Í ferlinu fá þátttakendur tækifæri til að efla þekkingu sína, tjá sig í gegnum listina á eigin forsendum og koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Þeir kynnast jafnframt listsköpunarferlinu frá upphafi til enda; frá því að hugmynd fæðist þar til afraksturinn er settur upp á sýningu. Listamennirnir Brák Jónsdóttir og Þórir Hermann Óskarsson stjórna vinnunni með áherslu á sköpun og sjálfstæði.

Með verkefni sem þessu vill Listasafnið ná til breiðari hóps safngesta og hvetja ungmenni af erlendum uppruna og fjölskyldur þeirra til virkrar þátttöku í menningarstarfi. Tryggja þarf aðgengi að menningu fyrir alla þjóðfélagshópa, því fjölbreytni í menningarlífi styrkir samfélagið.

Verkefnið er unnið í samstarfi við Velferðarsvið Akureyrarbæjar og styrkt af Barnamenningarsjóði Íslands.

The exhibition *Interplay* is an invitation to young multinationals to participate in an art-workshop at Akureyri Art Museum. Participants will create their own artwork inspired by works from the museum's collection, under guidance from artists. The procedure will increase their knowledge, offer them an opportunity to express themselves through art and their own criteria, as well as presenting their views. They will also become familiar with the art-creation-process from start to finish – from the first idea to the finished product being exhibited. The artists Brák Jónsdóttir and Þórir Hermann Óskarsson will lead the workshop with focus on creation and independence.

Through this project Akureyri Art Museum hopes to reach a broader audience, as well as to encourage young people of diverse nationalities and their families to participate in cultural activities. Cultural inclusiveness is very important for everyone because it strengthens our society.

The project was created in collaboration with Akureyri Department of Welfare and supported by Children's Culture Fund of Iceland.

# SKÖPUN BERNSKUNNAR 2024

CREATION OF CHILDHOOD 2024



## Samsýning

Group exhibition

**24.02.2024 – 21.04.2024**

Þetta er ellefta sýningin undir heitinu *Sköpun bernskunnar*. Hún er sett upp sem hluti af safnfræðslu, með það markmið að gera sýnilegt og örva skapandi starf barna á aldrinum fimm til sextán ára. Þátttakendur hverju sinni eru skólabörn og starfandi myndlistarmenn. Unnin eru verk sem falla að þema sýningarinnar, sem að þessu sinni er *hringir*.

Myndlistarmennirnir sem boðin var þátttaka í ár eru Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir og Gunnar Kr. Jónasson. Skólarnir sem taka þátt að þessu sinni eru leikskólinn Naustatjörn og grunnskólarnir Glerárskóli og Naustaskóli, sem og Minjasafnið á Akureyri / Leikfangahúsið.

Leikskólabörnin komu í Listasafnið í nóvember síðastliðnum og unnu sín verk undir stjórn beggja fræðslufulltrúa safnsins. Myndmenntakennarar þeirra grunnskóla sem taka þátt stýra vinnu sinna nemenda, sem unnin er sérstaklega fyrir sýninguna.

Sýningarstjóri: Heiða Björk Vilhjálmsdóttir.

This is the eleventh exhibition with the title *Creation of Childhood*. As part of the museum's education program the aim is to present and stimulate creative work and creative thinking of school children from the age of five to sixteen. Participants each time are children and artists who create works according to the theme, which this time is *circles*.

Participating artists this year are Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir and Gunnar Kr. Jónasson. Participating playschool this time is Naustatjörn and the elemenatary schools Glerárskóli and Naustaskóli, as well as Akureyri Museum / Toy Museum.

Children from the playschool visited the museum in November and created their work under the guidance of both museum teachers. Art teachers from the elementary schools cooperated with their students in creating the works they will exhibit.

Curator: Heiða Björk Vilhjálmsdóttir.

Gunnar Kr. Jónasson, *Jarðkrumla,* 2023



Engill og fluga, 2023 (hluti úr verki / detail)



# SALÓME HOLLANDERS



## Engill og fluga
An Angel and a Fly

**23.03.2024 – 18.08.2024**

Heimur málverksins býr yfir dulúð og draumkenndum narratívum um merkingu og myndrænt landslag. Í rýminu speglast víddir hins tvívíða flatar og hins þrívíða efnisheims, þar sem form, línur og fletir hafa oltið fram úr striganum inn í rýmið, eins og teningar sem er kastað á spilaborð. Að standa í miðju málverki og upplifa það innan úr því sjálfu, finna fyrir andrúmslofti og efniskennd þess. Að hreyfa sig innan strigans. Flakk einfaldra en óræðra forma vídda á milli hefur í för með sér nýja möguleika og ljóst er að ekki er allt sem sýnist á tvívíðum fleti strigans.

Salóme Hollanders (f. 1996) lauk BA-námi við Listaháskóla Íslands í vöruhönnun vorið 2022. Verk hennar eru gjarnan á mörkum hönnunar og myndlistar, þar sem hún kannar rýmið sem skapast við skörun sviðanna tveggja. Salóme hefur tekið þátt í sýningum hérlendis og erlendis, en sýningin *Engill og fluga* er fyrsta einkasýning hennar á opinberu listasafni.

The world of the painting is secretive and offers dreamlike narratives about its meaning and pictorial landscapes. In the space, the two-dimensional plane and three-dimensional physical world reflect. Shapes, lines and surfaces have spilled out of the canvas into the space, like dice thrown onto a board. Standing in the middle of a painting and experiencing it from within itself, feeling its atmosphere and materiality. To move within the canvas. The migration of simple but undefined shapes between dimensions brings new possibilities and it becomes clear that not everything is as it seems on the canvas´ surface.

Salóme Hollanders (born 1996) graduated with a BA degree in product design from the Iceland University of the Arts in 2022. Through her work she challenges herself both as a designer and an artist and uses the in-between spaces created when the worlds of fine arts and design collide. Salóme has participated in exhibitions in Iceland and abroad. *An Angel and a Fly* is her first solo exhibition in a public art museum.





# HEIÐDÍS HÓLM



## Vona að ég kveiki ekki í

Hope I Don't Burn It All Down

**23.03.2024 – 18.08.2024**

Heiðdís Hólm (f. 1991) er myndlistarmaður sem vinnur með margs konar miðla, þar á meðal málverk, teikningu og gjörninga. Útgangspunktur verka hennar er oft persónulegar upplifanir og minningar sem verða hráefni ferlisins, sem sveiflast á milli léttúðugrar ýkju, myrkrar sjálfsskoðunar og sköpunar skáldaðra frásagna. Á sýningunni leitar hún að húmornum í dramatíkinni eða dramatíkinni í húmornum og ójafnvæginu sem þar ríkir. Verkin endurspegla margbreytileika mannlegs ástands, áhrif manns á náttúru og afleiðingar þeirra áhrifa.

Heiðdís Hólm útskrifaðist af fagurlistadeild Myndlistaskólans á Akureyri 2016 og er með PgDip í myndlist frá Glasgow School of Art 2020. Þetta er fyrsta einkasýning hennar í safni, en hún hefur haldið og tekið þátt í ýmsum einka- og samsýningum og hátíðum á Íslandi og í Evrópu. Hún er búsett á Seyðisfirði og starfar hjá LungA skólanum.

Heiðdís Hólm (born 1991) is a visual artist who works in diverse media such as painting, drawing and performance. The starting point in her pictures is often personal experiences and memories that become raw material for the process, which swings between frivolous exaggeration, dark introspection and the creation of complete fiction. In this exhibition she searches for the humour in drama or the drama in humour and the imbalance found in this. The works reflect the diversity of the human condition, man‘s influence on nature and man‘s influence resulting from his influence on nature.

Heiðdís Hólm graduated from the Fine Arts Department of Akureyri School of Visual Arts 2016 and has a PgDip in visual arts from Glasgow School of Art 2020. This is her first solo exhibition in a museum. She has held and participated in various solo- and group exhibitions and festivals in Iceland and Europe. She lives in Seyðisfjörður and works at the LungA School there.

*Hákarl*, 2023



Frá *Sjónmennt 2023* / From *Visual Art Studies 2023*

# MYNDLISTASKÓLINN Á AKUREYRI

AKUREYRI SCHOOL OF VISUAL ARTS



## Sjónmennt 2024

**Nemendasýning Myndlistaskólans á Akureyri**

Visual Art Studies 2024

Students from The Akureyri School of Visual Arts

**04.05.2024 – 12.05.2024**

Það dylst engum, sem skoðar verk þeirra myndlistarmanna og hönnuða sem brautskráðir eru að loknu þriggja ára námi í sérnámsdeildum Myndlistaskólans á Akureyri, að þar eru á ferð sterkir einstaklingar sem taka fag sitt alvarlega og hagnýta sér til fulls þá reynslu sem þeir hafa öðlast.

Sjálfsskoðun er mikilvæg og gerir þá kröfu til nemandans að hann nái að yfirstíga nánd sína og birta viðfangsefni sitt á þann hátt að það veki áhuga áhorfandans. Það getur verið snúið, en styrkleiki nemandans felst í hnitmiðaðri, myndrænni framsetningu verkanna og kunnáttu til að miðla henni á sem sterkastan hátt til áhorfandans. Myndræn framsetning verkanna er hluti af hugmyndinni og gegnir lykilhlutverki í að miðla áhrifunum til áhorfandans.

No one who observes the work of the artists and designers who graduate after three years of specialized studies at the Akureyri School of Visual Arts is in doubt that they are strong individuals who take their profession seriously and take full advantage of the experience they've gained.

The students' strength lies in a focused, visual presentation of artwork and skill as well as communicating that to the viewer in as powerful a manner as possible. The works' visual presentation is a part of the idea and plays a key role in communicating the influence to the viewer.

# LISTNÁMS- OG HÖNNUNARBRAUT VMA



Hafdís María Skúladóttir, *VMA forsíðumynd* / *VMA cover photo*, 2023

## Útskriftarsýning 2024

**Nemendur listnáms- og hönnunarbrautar VMA**

Final Projects 2024

Visual art and textiles students at VMA -
The Akureyri Comprehensive College

**04.05.2024 – 12.05.2024    16.11.2024 – 24.11.2024**

Sýningar á lokaverkefnum nemenda hafa lengi verið fastur liður í starfsemi listnáms- og hönnunarbrautar Verkmenntaskólans á Akureyri. Sýningarnar eru tvær yfir árið, annars vegar í lok vorannar og hins vegar í lok haustannar. Þetta er níunda árið í röð sem þær eru haldnar í samstarfi við Listasafnið á Akureyri.

Við undirbúning slíkra sýninga velja nemendur sér verkefni eftir áhugasviði, þar sem þeim gefst tækifæri til að kynna sér nýja miðla eða dýpka skilning sinn á þeim sem þeir hafa áður kynnst. Að baki verkanna liggur hugmynda- og rannsóknarvinna og leita nemendur víða fanga í eigin sköpunarferli, allt eftir því hvað hentar hverri hugmynd og þeim miðli sem unnið er með.

Samhliða öðru námi fá nemendur eina önn til að vinna að lokaverkefnum sínum og uppsetningu sýningar í samtali og samvinnu við leiðsagnarkennara og samnemendur, þar sem frumkvæði, hugmyndaauðgi og öguð vinnubrögð eru lögð til grundvallar.

It has become a tradition to exhibit the final projects of Akureyri Comprehensive College's art and design students at the Akureyri Art Museum. Two exhibitions are held every year, one at the end of the spring term and one at the end of the fall term. This is the ninth year in a row that these exhibitions are held in cooperation with Akureyri Art Museum.

When preparing for these exhibitions, students choose an assignment based on their field of interest and have the opportunity to deepen their understanding of mediums which they have encountered before or acquaint themselves with new ones. The students have gone through the idea and research phase in the artistic process, and they search high and low for data for their own creative process, depending on what is suitable for each idea and each medium.

Alongside their other studies the students have one semester to work on their final assignments and set up the exhibition in cooperation with an instructor and the other students. The values, on which this process is based, are initiative, creative thinking, and disciplined work methods.



Marja Helander, ***Nikel***, 2014



# ER ÞETTA NORÐUR?

## IS THIS NORTH?

### Samsýning

Group exhibition

**06.06.2024 – 15.09.2024**

Hver er afmörkun „norðursins“? Hvar eru landamæri Norðurheimskautsins? Hvað einkennir þau sem sem eiga heima á slóðum Norðurheimskautsins? Eru verk listamanna frá norðurslóðum alltaf unnin undir áhrifum af búsetu þeirra þar? Samsýningin *Er þetta norður?* kannar svörin við þessum spurningum og þar eru sýnd verk eftir listamenn frá hinu víðfeðma norðri. Þátttakendur eru Gunnar Jónsson, Anders Sunna, Máret Ánne Sara, Inuuteq Storch, Nicholas Galanin, Dunya Zakharova, Marja Helander og Maureen Gruben.

Heimkynni listamannanna eru Sama-svæði Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, Ísland, Grænland, Síbería, Alaska og Norður-Kanada. Á sýningunni verður sjónum beint að því hvernig er að búa nærri heimskautsbaug, hvaða sameiginlega þætti og tengingar er að finna á meðal listamanna sem búa þetta norðarlega. Þessi fjölbreyttu menningarsvæði og samfélög, sem ná frá Alaska til Skandinavíu og Síberíu, eiga eitt sameiginlegt: Norðurheimskautið - norðrið.

Sýningin er hluti af Listahátíð í Reykjavík.

Sýningarstjórar: Daría Sól Andrews og Hlynur Hallsson.

What are the boundaries and delimitations of “The North”? Where do we find the borders of the Arctic? What characterizes those who call the Arctic their home? Is their work always inherently influenced by this connection to a Nordic home? The group exhibition delves into these questions, presenting work by artists from the far-reaching North. Exhibiting artists include Gunnar Jónsson, Anders Sunna, Máret Ánne Sara, Inuuteq Storch, Nicholas Galanin, Dunya Zakharova, Marja Helander, and Maureen Gruben.

The homes of the participating artists include the Sami regions of Finland, Norway and Sweden, Iceland, Greenland, Siberia, Alaska, and Canada. The exhibition focuses on the experience of living in the far North, which communal and connective aspects can be found within artists who call the Arctic their home? Expanding the reach from Alaska to Siberia and Scandinavia in between, these vastly different cultures and communities share this one common thread: the Arctic, the North.

The exhibition is a part of Reykjavík Arts Festival.

Curators: Daría Sól Andrews and Hlynur Hallsson.



Emmett Williams, *Kinofesto*, 1995 (hluti úr verki / detail)

# STRANDED – W(H)/ALE A REMAKE PORTFOLIO – MORE THAN THIS, EVEN

## Sýningarverkefni

Exhibition project

**06.06.2024 – 29.09.2024**

Sýningin samanstendur af verkum unnum í mismunandi miðla sem öll fjalla um eða tengjast hvölum á einn eða annan hátt. Hönnun sýningarinnar og vinnsla verkanna er í anda Flúxus-hreyfingarinnar og hefur hún verið sett upp víða, s.s. í Búdapest í Ungverjalandi og í Recife í Brasilíu.

Á sýningunni má m.a. sjá – utan endurgerðar á verki Marcel Duchamp BOITE-EN-VALISE (1968) – endurprentun af risastóru málverki Franz Wulfhagen frá 1669 sem sýnir hvalreka. Verkið var fyrst sýnt í ráðhúsi Bremen í Þýskalandi, en Wulfhagen var einn af nemendum Rembrandt. Einnig verða sýnd verk eftir þekkta Flúxus listamenn, s.s. AY-O, Nam June Paik og Emmett Williams; listamenn er seinna tengdust Flúxus, s.s. Boris Nieslony, Ann Noël, Jürgen O. Olbrich, Pavel Schmidt og Natalie Thomkins, sem og Avantgarde listamennina Richard Hamilton, Allan Kaprow and Daniel Spoerri.

Þátttaka, samvinna og samskipti eru miðlæg í sýningarhönnuninni og er hún hugsuð sem einhvers konar samkomuvettvangur fyrir DANCE WITH LIFE.

Sýningarhönnun: Wolfgang Hainke.

Sýningarstjóri: Freyja Reynisdóttir.

The exhibition consists of works created in various mediums that all address or are connected to whales in “one way or another” – done in the spirit of the Fluxus Movement, not to forget Marcel Duchamp. It has been installed in various locations such as Budapest in Hungary and Recife in Brazil.

Among the pieces exhibited – beside a remake of Marcel Duchamp’s BOITE-EN-VALISE (1968) is a huge, life-size reprint of a painting from 1669 by Franz Wulfhagen, one of Rembrandt’s pupils, which shows a stranded whale. For about 300 years the painting was hanging in the ornate upper chamber of the historic Town Hall of the Free Hanseatic City of Bremen, Germany. Also, on display are works by several Fluxus artists such as AY-O, Nam June Paik, Emmett Williams; younger ones related to Fluxus like Boris Nieslony, Ann Noël, Jürgen O. Olbrich, Pavel Schmidt, Natalie Thomkins and by 20$^{th}$ Century Avantgarde artists Richard Hamilton, Allan Kaprow, and Daniel Spoerri.

Participation, collaboration, and communication are central in the exhibition design – meant to serve as a kind of gathering place to DANCE WITH LIFE.

Layout: Wolfgang Hainke.

Curator: Freyja Reynisdóttir.



*Stoßzähne (Tusks)*, 2016



# OLIVER VAN DEN BERG



## Af svölunum

From the Balcony

**31.08.2024 – 10.08.2025**

Oliver van den Berg (f. 1967) hefur getið sér góðan orðstír með skúlptúrum og innsetningum byggðum á tæknilegum tólum, s.s. flugritum, stjörnuvörpum, myndavélum og hljóðnemum. Saga tækninnar á tuttugustu öld, sem og dægurmenning nútímans og spurningar er varða félagslega raunhæfa samgöngumáta, eru þættir sem koma fram í verkum hans sem hornsteinar félagslegrar samheldni.

Þó að þessi verk virðist innihalda eftirlíkingar af raunverulegum hlutum, eru þeir raunar gerviblendingar sem flakka á milli þess upprunalega og eftirlíkingarinnar. Það er ekki fyrr en endurgerðin er ígrunduð sem við gerum okkur grein fyrir hversu kirfilega flækt við erum í slíka hluti; vensl sem við felum í skáldskap og frásögnum svo hægt sé að þykjast hafa vald yfir þeim. Í strípuðum einfaldleika sínum er þetta hins vegar ennþá hulin ráðgáta.

Oliver van den Berg er frá Essen í Þýskalandi, en býr nú og starfar í Berlín. Fyrir þessa sýningu mun hann skapa sérsniðin verk fyrir svalirnar á Listasafninu.

Oliver van den Berg (born in 1967) has made a name for himself with sculptures and installations based on technical instruments such as flight recorders, star projectors, cameras, and microphones. The history of technology in the twentieth century, along with modern everyday culture and questions of socially viable forms of transportation appear in his works as cornerstones for social cohesion.

Although these works seem to “copy” existing objects, they are in fact artificial hybrids meandering between original and copy. It is only upon contemplation of the reproduction that we become aware of our profound entanglement with such things, a dependency we like to cloak in fictions and narratives so that we can pretend to master them. In their naked presence, however, they remain a mystery.

Oliver van den Berg is from Essen in Germany and lives and works in Berlin. He will develop a site-specific work for the balcony of Akureyri Art Museum.





Rudolf Wessaur, *Landschaft in Island*, án ártals / undated



# GRAFÍSK GILDI
# OF GRAPHIC VALUE

## Valin verk fyrir sköpun og fræðslu
Selected works for creation and education

**31.08.2024 – 02.02.2025**

Orðið *grafík* kemur úr grísku og þýðir að skrifa, teikna eða rista. Notaðar eru ýmsar mismunandi aðferðir við gerð grafíklistaverka og hefur hver aðferð sín ákveðnu einkenni og eiginleika. Sérstaða grafíkverka felst í möguleikum þeirra til fjölföldunar, þ.e.a.s. gera mörg eintök af sömu mynd.

Markmið sýningarinnar er að fræða safngesti um grafíklistina og kynna valin grafíkverk úr safneign Listasafnsins. Verkin eru af ýmsum toga og eftir ólíka listamenn, bæði innlenda og erlenda. Þá gefst safngestum einnig tækifæri til að doka við í sýningarrýminu og skapa sína eigin list í hvetjandi umhverfi. Að skapa í listasafni er einstök upplifun og nota má verkin á veggjunum sem innblástur í eigin sköpun, blanda saman litum, línum, formum og áhrifum úr ólíkum verkum.

Sýningarstjóri: Heiða Björk Vilhjálmsdóttir.

The word *graphic* comes from Greek and means to write, draw, or carve. Many different methods are used to create graphic-art – each with its own characteristics and quality. The distinction of graphic art consists of the possibility of reproduction i.e. to make several copies of the same picture.

The aim of this exhibition is to educate museum guests about graphic-art and to promote selected pieces from the Museum collection. The works are diverse and by different artists, both Icelandic and non-Icelandic. Museum guests also get an opportunity to linger on in the exhibition space and make their own art in a nice and motivating environment. Creating in a museum is a unique experience, one can get inspired by the works on the walls, mix colors, forms, lines, and influences from different artworks.

Curator: Heiða Björk Vilhjálmsdóttir.



*Eldey Portrait of Iceland no 0001046*, 2008

# JÓNAS VIÐAR



## Jónas Viðar í safneign
Jónas Viðar in the Collection

**31.08.2024 – 09.03.2025**

Jónas Viðar Sveinsson (1962-2013) stundaði nám við Myndlistaskólann á Akureyri 1983-1987 og framhaldsnám við Accademia di Belle Arti di Carrara á Ítalíu 1990-1994, þar sem hann útskrifaðist með hæstu einkunn. Eftir nám flutti Jónas aftur til Akureyrar þar sem hann var með vinnustofu í Listagilinu og starfrækti Jónas Viðar Gallerí í nokkur ár, þar sem nú er Mjólkurbúðin, salur Myndlistarfélagsins.

Jónas var virkur í sýningahaldi og kenndi auk þess við Myndlistaskólann á Akureyri og rak um tíma sinn eigin skóla. Síðar flutti hann til Reykjavíkur og vann áfram að myndlist og rak Jónas Viðar Gallerí í porti við Laugaveginn. Hann hélt yfir 40 einkasýningar á Íslandi og erlendis og tók þátt í fjölda samsýninga.

Stök fjöll, eyjur og vötn eru áberandi í málverkum Jónasar Viðars, en einnig mannslíkaminn í eldri verkum.

Jónas Viðar Sveinsson (1962-2013) studied at Akureyri School of Visual Arts 1983-1987 and further at Accademia di Belle Arti di Carrara in Italy 1990-1994, where he graduated with the highest marks. After his studies Jónas Viðar moved back to Akureyri where he had a studio in Art-Street and ran Jónas Viðar Gallery for a few years, in what is now Gallery Mjólkurbúðin – Akureyri Art Association.

Sveinsson was an active artist, exhibited his work often alongside teaching at Akureyri School of Visual Arts and even ran his own art school. He later moved to Reykjavík and kept on creating art and running Jónas Viðar Gallery on Laugavegur. He held over 40 solo exhibitions in Iceland and abroad and participated in numerous group exhibitions.

Mountains, islands, and lakes are prominent in Sveinsons's paintings, and the human body, in his older works.



*Án titils / Untitled*, 2023

# FRÍÐA KARLSDÓTTIR



## Mjúkt
Soft

**31.08.2024 – 09.03.2025**

„Innvols og áferð. Ókembdur hnoðri sem flækir þig ef þú greiðir. Slípaður viðarbútur með smáum flísum sem stinga. Leðja, mjúk og hlý í sólinni, en steinar og rætur skrapa á þér fæturna. Ég dreg í mig pækilinn og breytist í formlausa pollinn er lekur eftir götunni, niður í holræsi og blandast við óútskýrða vökva – svamlandi, gutlandi.“

Fríða Karlsdóttir (f. 1994) útskrifaðist af myndlistarbraut Gerrit Rietveld Academie í Amsterdam í Hollandi 2020. Hún býr og starfar á Akureyri, þar sem hún er hluti af sjálfstæða listhópnum Kaktus, sem stendur fyrir margs konar menningarstarfsemi í Ketilhúsinu á neðstu hæð Listasafnsins.

Fríða vinnur með sögusagnir í gegnum blandaða miðla, vídeóverk, skúlptúra, textaverk og ýmiss konar handverk. Verk hennar líkjast oft náttúrulegum fyrirbærum, þau innihalda sterkar táknmyndir og þannig dramatíserar hún hversdagsleikann og segir frá einlægum upplifunum. Fríða hefur sýnt bæði hér á landi og erlendis.

“Innards and texture. A wisp intact which tangles you if you try to untangle it. A sanded piece of wood with small splinters that sting. Mud, soft and warm in the sun, but rocks and roots scrape your feet. I saturate myself in the brine and transform into the shapeless puddle that flows on the street, down the drain and is mixed with the unexplained liquids – splashing, gurgling.”

Fríða Karlsdóttir (born 1994) graduated from the fine arts department of Gerrit Rietveld Academie in Amsterdam, the Netherlands 2020. She lives and works in Akureyri where she is a member of the independent art group Kaktus, which is responsible for various cultural events that take place in their studio at the Akureyri Art Museum.

Karlsdóttir works with rumors through mixed media, videos, sculptures, texts, and various handicrafts. Her work often resembles natural phenomena, they contain strong symbolic images through which she dramatizes the-everyday-life and tells of sincere experiences. Karlsdóttir has exhibited her work both in Iceland and abroad.

# ÞRIÐJUDAGSFYRIRLESTRAR

**Þriðjudagsfyrirlestrar fara fram í sal 11**
**kl. 17–17.40**

**6. febrúar**
**Ýr Jóhannsdóttir**
fatahönnuður

**13. febrúar**
**Sanna Vatanen**
textílhönnuður

**20. febrúar**
**Heiða Björk Vilhjálmsdóttir**
safnfræðslufulltrúi

**27. febrúar**
**Guðrún Hadda Bjarnadóttir**
handverks- og myndlistarkona

**5. mars**
**Joris Rademaker**
myndlistarmaður

**12. mars**
**Pablo Hannon**
hönnuður og listamaður

**19. mars**
**Donat Prekorogja**
myndlistarmaður

**26. mars**
**Egill Logi Jónasson**
myndlistarmaður

Verið velkomin
**Aðgangur ókeypis**



## SMIÐJUR

Margs konar smiðjur fyrir unga sem aldna eru haldnar endurgjaldslaust árið um kring í Listasafninu

Skráningu og allar upplýsingar má finna á

**listak.is**

## FRÆÐSLUSTARF

Fræðslustarf Listasafnsins er ætlað alls konar hópum, s.s. skólahópum, vinahópum og vinnustaðahópum

Heimsóknir eru bókaðar á
**heida@listak.is**



myndlistarfélagið

LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI ART MUSEUM

Barnvænt sveitarfélag

# DETEL AURAND
# CLAUDIA HAUSFELD





## Milliloft
The Air in Between

**28.09.2024 – 12.01.2025**

*Milliloft* er sýningarverkefni sem byggir á viðvarandi póstsendingum á listaverkum á milli listamannanna Claudia Hausfeld (f. 1980) og Detel Aurand (f. 1958), stýrt af Katharina Wendler. Þau þrjú hafa öll sterk tengsl við Ísland, hafa búið hér og unnið til margra ára og hafa rannsakað hina svæðisbundnu listasenu ofan í kjölinn. Síðan 2017 hafa listamennirnir tveir skipst á teikningum, málverkum, klippimyndum, ljósmyndum og hlutum í póstsendingum, þar sem þeir fjalla um málefni tengd eyjalífi hér og þar, í fortíð og nútíð.

Í gegnum árin hafa þessi samskipti liðast í gegnum fjölmarga liti, efni og hugmyndir. Þessi sýning safnar saman ummerkjum þessa samtals og útvíkkar til gesta sýningarinnar. Með því að fella valda, fundna hluti úr þessu samtali inn í stóra innsetningu, tekur sýningin á spurningum um listræna samvinnu og vinnu einstaklinga, nánd og fjarlægð, miðju og ytri mörk, sameiginlega eiginleika og aðgreiningu.

Sýningarstjóri: Katharina Wendler.

*The Air in Between* is an exhibition project based on an ongoing postal exchange of art works between the artists Claudia Hausfeld (1980) and Detel Aurand (1958), curated by Katharina Wendler. All three have close ties to Iceland, have lived and worked there for many years and/or have studied the local art scene intensely. Since 2017 the two artists exchange drawings, paintings, collages, photographs, and objects via post, addressing topics of (island) life here and there, then and now.

Over the years, this dialogue has meandered through many colors, materials, and ideas. The exhibition at the Akureyri Art Museum gathers traces of this conversation and extends it to the visitors. By embedding selected found objects from this dialogue in a larger installation on site, the exhibition addresses questions of collective and individual artistic practice, proximity and distance, center and periphery, commonality and demarcation.

Curator: Katharina Wendler.



*Steinwald I - To Become One*, 2020



*Það er allt í lagi að hafa gaman á meðan það fer ekki út í sprell,* 2023



# GEORG ÓSKAR



## 603 Akureyri

**28.09.2024 – 12.01.2025**

Georg Óskar (f. 1985) lauk námi í fagurlistadeild Myndlistaskólans á Akureyri 2009 og meistaranámi í myndlist frá Listaháskólanum í Bergen í Noregi 2016. Verk hans hafa verið sýnd á Íslandi, Spáni, í Þýskalandi, Kína, Bandaríkjunum, Bretlandi og Noregi.

Listsköpun Georgs Óskars felst í skoðun á daglegu lífi, náttúru og mannlegum samskiptum. Eitt af grundvallareinkennum verkanna er markmið um að draga fram ný sjónarhorn á manneskjuna og flókinn samtíma.

Á sýningunni leggur Georg Óskar áherslu á að endurspegla minningar frá uppeldisbæ sínum, Akureyri. Þessi persónulega tenging hans við bæinn gerir sýninguna óvenju mjúka. Hún fer með áhorfandann í ferðalag gegnum minningar og rætur listamannsins, þar sem allt byrjaði: Í póstfanginu 603.

Georg Óskar (born 1985) completed his diploma in fine Arts at the Akureyri School of Visual Arts in 2009 and an MFA degree from the Faculty of Fine Art, Music and Design in Bergen, Norway, in 2016. His works have been exhibited in Iceland, Spain, Germany, China, USA, UK, and Norway.

His art consists of an observation of daily life, nature, and human interactions. One of the essential characteristics of his work is the aim to present new viewpoints that reflect the human condition and our complicated present time.

In this exhibition he focuses on projecting memories from his upbringing in Akureyri. The personal connection he has to the town makes this exhibition unusually soft. The viewer is taken on a journey through memories and the artist‘s roots, where it all began: In the postal code 603.



10. júní: Suðaustan kaldi. Regn. Hitastig: 10 ¼ C. Útlit loptsins: Þykkur. *

10. júní: Norð-norð-vestan 6 m/s. Hitastig: 7,6 C. Hálfskýjað. **

* Stykkishólmur 1853
** Miðdalsheiði 2023

*Look at the Sky,* 2023



# EINAR FALUR INGÓLFSSON



## Útlit loptsins – Veðurdagbók

Look of the Sky – A Weather Diary

**28.09.2024 – 12.01.2025**

Frá vori 2022 og að sumarsólstöðum 2023 var Einar Falur Ingólfsson (f. 1966) fulltrúi Íslands í fjölþjóðlegu verkefni um veðrið, *Veðurneti heimsins, World Weather Network*, sem stofnað var til af Artangel í London með þátttöku myndlistarstofnana í 28 löndum.

Meginhluta tímans var Einar Falur staðarlistamaður í Vatnasafni í Stykkishólmi og vann daglega að röð verka um veður og tíma. Hryggjarstykkið þar er veðurdagbókin *Útlit loptsins*. Tók hann veðrið á hádegi dag hvern og stillti þar saman ljósmynd af himninum, opinberri veðurskráningu á því augnabliki og veðurskráningu Árna Thorlaciusar í Stykkishólmi á sama tíma 170 árum fyrr. *Veðurdagbókin* verður sýnd í heild auk fleiri ljósmynda-, vídeó- og textaverka.

Einar Falur Ingólfsson er bókmenntafræðingur og með MFA-gráðu frá School of Visual Arts í New York. Verk hans hafa verið á sýningum í söfnum og sýningarsölum víða um lönd og eru í eigu helstu listasafna á Íslandi.

Einar Falur Ingólfsson (born 1966) was from spring 2022 until summer solstice 2023 Iceland‘s representative in an international project about the weather, *World Weather Network*, which was started by Artangel in London with participation of art-institutes from 28 countries.

For the better part of that time Ingólfsson was an artist in residence at Library of Water in Stykkishólmur and worked daily on a series of works about weather and time. The backbone of this is the weather diary *Look of the Sky*. At noon every day he observed the weather and synchronized a photo of the sky, official record of the weather at noon and Árni Thorlacius‘s weather record in Stykkishólmur at the same time 170 years earlier. *The Weather Diary* will be exhibited in full as well as more photos, videos, and text.

Einar Falur Ingólfsson is a literary scholar and holds an MFA degree from School of Visual Arts in New York. His work has been exhibited in museums and galleries far and wide and can be found in the collections of all the major museums in Iceland.



Hilda de Paulo | Tales Frey, ***Costume For II***, frá *A!* 2023 / From *A!* 2023

# A! GJÖRNINGAHÁTÍÐ

## A! PERFORMANCE FESTIVAL

A!

**10.10.2024 – 13.10.2024**

*A!* er fjögurra daga alþjóðleg gjörningahátíð sem haldin er árlega, nú í tíunda sinn. Hátíðin er samvinnuverkefni Listasafnsins á Akureyri, Leikfélags Akureyrar, Menningarhússins Hofs, Gilfélagsins, Vídeólistahátíðarinnar Heim, Listnámsbrautar Verkmenntaskólans á Akureyri og Myndlistarmiðstöðvar. *A!* er eina hátíðin á Íslandi sem einbeitir sér eingöngu að gjörningalist.

Fjölbreyttir gjörningar og leikhústengd verk af öllum toga eru á dagskránni. Þátttakendur eru ungir og upprennandi listamenn, ásamt reyndum og vel þekktum gjörningalistamönnum, dans- og leikhúsfólki. Á meðal þeirra sem komið hafa fram eru Sigurður Guðmundsson, Gjörningaklúbburinn, Dustin Harvey, Rúrí, Theatre Replacement, Katrín Gunnarsdóttir, Tricycle Trauma, Curver Thoroddsen, Brák Jónsdóttir, Tales Frey, Anna Richardsdóttir, Kuluk Helms, Harpa Arnardóttir, Snorri Ásmundsson, Florence Lam, Olya Kroytor og Dýrfinna Benita Basalan.

Á hverju ári breytir hátíðin Akureyri í suðupott spennandi gjörninga. Ókeypis er inn á alla viðburði.

Verkefnisstjóri: Guðrún Þórsdóttir.

*A!* Is a four-day international festival held annually, now for the tenth time. The festival is a collaboration between Akureyri Art Museum, Hof Cultural Center, Akureyri Theater, The Gil Society, The Video-festival Heim, Visual Art Department of Akureyri Comprehensive College, and Icelandic Art Center. *A!* Is the only festival in Iceland that focuses solely on performance art.

A variety of performances and theater-based projects of all kinds are on the agenda. Participants are young up-and-coming artists and theatre professionals. Among those who have participated are Sigurður Guðmundsson, Icelandic Love Corporation, Dustin Harvey, Rúrí, Theatre Replacement, Katrín Gunnarsdóttir, Tricycle Trauma, Curver Thoroddsen, Brák Jónsdóttir, Tales Frey, Anna Richardsdóttir, Kuluk Helms, Harpa Arnardóttir, Snorri Ásmundsson, Florence Lam, Olya Kroytor and Dýrfinna Benita Basalan.

Every year the festival turns Akureyri into a bustling cauldron of exciting performances. All events are free of charge.

Project manager: Guðrún Þórsdóttir.



# BOREAL SCREENDANCE FESTIVAL 2024



## Alþjóðleg dansvídeóhátíð

International Screen Dance Festival

**01.11.2024 – 10.11.2024**

Boreal Screendance Festival er alþjóðleg dansvídeóhátíð sem haldin er á Akureyri. Fyrsta hátíðin fór fram í Mjólkurbúðinni í nóvember 2020, en nú teygir hún anga sína um allt Listagilið. Með Boreal skapast vettvangur til kynningar á dansvídeóum með það markmið að leiða saman innlent og erlent listafólk, byggja brýr heimsálfa á milli og hvetja til samstarfs.

Á hátíðinni eru sýnd metnaðarfull dansvídeó alls staðar að úr heiminum. Verkin eru sýnd á breiðtjöldum, þeim varpað á veggi, glugga og fleiri fleti sýningarrýma, en mikil áhersla er lögð á að sýningarnar fari fram í faglegu umhverfi svo verkin njóti sín sem best. Sérstaða Boreal er fólgin í innsetningum sem settar eru upp í kringum sum verkin, sem veita þeim í senn meiri dýpt og nýja vídd.

Hátíðin stendur einnig fyrir fjölbreyttum danstengdum viðburðum og samkomum á sýningartímanum. Ókeypis er inn á alla viðburði.

Listrænn stjórnandi: Yuliana Palacios

Boreal Screendance Festival is an international video dance festival held in Akureyri. The first edition took place in November 2020 at Gallery Mjólkurbúðin. Since then, Boreal has branched out to various venues in Akureyri's Art Street. The festival serves as a platform for showcasing dance films, with the aim of connecting local and international artists, building bridges between regions and continents, and promoting collaboration.

During the festival, dance films from around the world are exhibited on wide screens, walls, windows, and various surfaces of different art galleries and showrooms. A special emphasis is placed on ensuring a professional environment to present the works in the best way possible regarding image and sound.

The uniqueness of Boreal lies in installations that are created around some of the pieces, which give them both more depth and a new dimension. Boreal also hosts a variety of dance-related events and gatherings during the exhibition period. All events are free of charge.

Artistic director: Yuliana Palacios.

# ÁN TITILS
UNTITLED



## Verk úr safneign Listasafnsins á Akureyri
Selected works from Akureyri Art Museum Collection

**30.11.2024 – 16.11.2025**

Listasafnið á Akureyri setur á hverju ári upp sýningu á verkum úr safneign eða úr safneignum annarra listasafna. Sú hefð hefur skapast að þessar sýningar standa yfir í næstum heilt ár og því geta gestir safnsins komið oft og skoðað ákveðin lykilverk eða uppáhaldsverk og sett þau í samhengi við önnur verk úr safneigninni eða ný verk sem eru á öðrum sýningum safnsins.

Nýr safnstjóri kemur til starfa um mitt ár 2024 og mun móta þessa safneignarsýningu. Í kjölfarið á aukinni fjárveitingu til listaverkakaupa, hefur fjöldi nýrra verka bæst við safneignina á síðustu árum, en einnig hafa góðar gjafir borist safninu. Safneignin telur hátt í 800 verk, sem sum hafa ekki verið sýnd í Listasafninu, þó að einhver þeirra hafi verið í skólum bæjarins, Ráðhúsinu eða stofnunum Akureyrarbæjar.

Í sölum 10 og 11 verða sýnd vídeóverk úr safneign og sú sýning stendur skemur eða fram í byrjun febrúar 2025.

Each year Akureyri Art Museum exhibits works from its own collection or from other museums. These exhibitions usually last for about one year, hence guests can visit the works repeatedly – key works or their favorite ones and contemplate the context in which they are a part of the collection and on display.

Akureyri Art Museum will get a new director mid-year 2024 and that person will curate this collection-exhibition. Thanks to an increased budget for purchasing works for the collection and generous donations, several works have been added to the collection during the last few years.

The collection is now around 800 works, some of which have not been exhibited at the Museum though some have been on display in Akureyri's schools, the Town Hall or institutions run by the municipality.

In galleries 10 and 11 video-works from the collection will be exhibited until the beginning of February 2025.

Óli G. Jóhannsson, ***Við bergsins blakka vegg,*** án ártals / undated (hluti úr verki / detail)




Með árskorti að **Listasafninu á Akureyri** færðu aðgang að öllum sýningum árið um kring fyrir aðeins 4.900 kr. frá og með kaupdegi

Útgáfa í 55 ár!

**DAGSKRÁIN**

dagskrain@dagskrain.is | 464 4000 | vikubladid.is

Sjónvarpsdagskrá 22.—28. DESEMBER 1968

**Auglýsingar í Dagskránni hafa borið árangur í 55 ár!**

Hafðu samband ef þú vilt auglýsa:
**dagskrain@dagskrain.is**
eða í síma 464 4000

# Áhyggjulaus í þrjú ár!

Kuba

**Öllum KÚBA sjónvarpstækjum fylgir þriggja ára ábyrgð.**

**Hagstætt verð.**



**SJÓNVARPSHÚSIÐ HF.**

**Hafnarstræti 86 Akureyri. Sími 2-16-26**

## LEIÐSÖGN
GUIDED TOUR

**Leiðsögn alla fimmtudaga**

Guided tour every Thursday

**Nánari upplýsingar**
For more info

**listak.is**

## FJÖLSKYLDU-LEIÐSÖGN

Leiðsögn og smiðja fyrir alla fjölskylduna, unga sem aldna

**Nánari upplýsingar**

**listak.is**





Vandaður og skemmtilegur
fjölmiðill er gulls ígildi



akureyri .NET
Oftast sólarmegin

Litlaprent




**LITLAPRENT ehf** – Alhliða, umhverfisvottuð prentþjónusta
Skemmuvegi 4, blá gata | 200 Kópavogi | S: 540 1800 | **www. litlaprent.is**

Listasafnið á Akureyri er í eigu Akureyrarbæjar og starfar í þágu almennings. Rekstrarkostnaður safnsins greiðist úr bæjarsjóði í samræmi við fjárhags- og starfsáætlun ár hvert.

Akureyri Art Museum is run by Akureyri municipality for the interest of the public. Operational costs are covered by the municipal treasury in accordance with the yearly budget.

Akureyrarbær

SAFNARÁÐ

GEIMSTOFAN

stefna hugbúnaðarhús

NORÐURORKA

DAGSKRÁIN

KETILKAFFI

**Mynd við inngangsávarp safnstjóra: Frá A! Gjörningahátíð 2023, Curver Thoroddsen, *Áfram Sísýfos!***
Photo by director's foreword: From A! Performance Festival 2023, Curver Thoroddsen, *Áfram Sísýfos!*

**Mynd á miðopnu: Frá A! Gjörningahátíð 2023, Yuliana Palacios og Jón Haukur Unnarsson – *Heimaleikfimi*.**
Midsection photo: From A! Performance Festival 2023, Yuliana Palacios og Jón Haukur Unnarsson – *Home Gymnastics*.

**Mynd við upplýsingasíðu: Sara Björg Bjarnadóttir, *Tvær eilífðir milli 1 og 3.***
Photo by info page: Sara Björg Bjarnadóttir, *Two Infinities Between 1 and 3.*

**Árbók Listasafnsins á Akureyri 2024 skartar fjórum mismunandi forsíðum.**
Akureyri Art Museum's Program-booklet 2024 has four different covers.




**Georg Óskar**
*ADHD*
2024
(hluti úr verki / detail)




**Guðný Kristmannsdóttir**
*Play Me*
2023
(hluti úr verki / detail)




**Marja Helander**
*Monchegorsk*
2014
(hluti úr verki / detail)




**Oliver van den Berg**
*Krone / Crown*
2004



## **Starfsfólk** Employees

**Hlynur Hallsson**
Safnstjóri
Director

**Bergþóra Aradóttir**
Umsjón móttöku og safnbúðar
Reception / Museum store

**Freyja Reynisdóttir**
Verkefnastjóri
Project manager

**Heiða Björk Vilhjálmsdóttir**
Fræðslufulltrúi
Museum education

**Hlynur F. Þormóðsson**
Kynningarstjóri
PR & web

**Óðinn Sigurðsson**
Húsvörður
Janitor

**Þorbjörg Ásgeirsdóttir**
Safnfulltrúi
Museum coordinator

**Anton Örn Rúnarsson**
Móttaka
Reception

**Reynir Elías Einarsson**
Móttaka
Reception

**Þorri Birgisson**
Móttaka
Reception

**Listasafnsráð**
Advisory Board of Akureyri Art Museum

**Dagrún Matthíasdóttir**
**Heimir Árnason**
**Herdís Björk Þórðardóttir**
**Þorbjörg Ásgeirsdóttir**
áheyrnarfulltrúi starfsmanna Listasafnsins
observer, member of staff

**Bæjarráð myndar stjórn Listasafnsins á Akureyri**
Akureyri town council acts as an Executive Board for Akureyri Art Museum
**Heimir Árnason**
formaður chairman
**Hulda Elma Eysteinsdóttir**
varaformaður vicechairman
**Hilda Jana Gísladóttir**
**Hlynur Jóhannesson**
**Sunna Hlín Jóhannesdóttir**
**Jón Hjaltason**
áheyrnarfulltrúi observer
**Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir**
áheyrnarfulltrúi observer

Útgefandi Publisher
**Listasafnið á Akureyri** Akureyri Art Museum

Ritstjóri Editor
**Hlynur F. Þormóðsson**

Hönnun Design
**cave canem hönnunarstofa**

Þýðing Translation
**Þorbjörg Ásgeirsdóttir**

Prentun Print
**Litlaprent** umhverfisvottuð prentsmiðja

ISBN 978-9935-9524-8-6

Ljósmyndir Photographs

**Constanza Meléndez**
**Daníel Starrason**
**Focke Strangmann / Worpsweder Museumsverbund**
**H&H Schierbrok Edition**
**Skapti Hallgrímsson**
**Shan Turner-Carroll**
**Thomas Bruns**
**listamenn** artists

| | |
|---|---|
| Aðgangseyrir | kr. 2.200 |
| Eldri borgarar og námsmenn | kr. 1.100 |
| Árskort | kr. 4.900 |
| Árskort +1 | kr. 7.600 |
| Árskort í áskrift | kr. 4.100 |
| Árskort í áskrift +1 | kr. 6.500 |
| Vinir Listasafnsins | kr. 6.000 |

Frítt fyrir 18 ára og yngri, öryrkja og meðlimi í FÍSOS, SÍM, ICOM og Gilfélaginu

| | |
|---|---|
| Admission | ISK 2.200 |
| Senior citizens and students | ISK 1.100 |
| Season ticket | ISK 4.900 |
| Season ticket +1 | ISK 7.600 |
| Season ticket, subscription | ISK 4.100 |
| Season ticket +1, subscription | ISK 6.500 |
| Friends of Akureyri Art Museum | ISK 6.000 |

Free admission for 18 and under, disabled people and members of FÍSOS, SÍM, ICOM and the Gil Society






## opið

**júní–ágúst**
kl. 10–17
alla daga

**september–maí**
kl. 12–17
alla daga

## open

**june–august**
10 am–5 pm
daily

**september–may**
12 noon–5 pm
daily



## opið

**júní–ágúst**
kl. 10–17
alla daga

**september–maí**
kl. 12–17
alla daga

## open

**june–august**
10 am–5 pm
daily

**september–may**
12 noon–5 pm
daily



**opið**

**júní–ágúst**
kl. 10–17
alla daga

**september–maí**
kl. 12–17
alla daga

**open**

**june–august**
10 am–5 pm
daily

**september–may**
12 noon–5 pm
daily



## opið

**júní–ágúst**
kl. 10–17
alla daga

**september–maí**
kl. 12–17
alla daga

## open

**june–august**
10 am–5 pm
daily

**september–may**
12 noon–5 pm
daily